



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 10. maí. 2021 kl. 17:00.

(Fundur nr. 9. frá Reykjavík)

Mætt (um Teams): Jónatan Garðarsson, Þuríður Yngvadóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Berglind Ásgeirsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Brynjólfur Jónsson, Þröstur Eysteinnsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávægilegum breytingum.

2. Aðalfundur í Mosfellsbæ, staða

Allt í sambandi við undirbúning aðalfundar er eftir áætlun (Björn Traustason). Auglýst var eftir starfsmanni til Sk.f. Mosf. til þess að undirbúa svæðin sem verða heimsótt á aðalfundinum.

3. Brunavarnir – staða og framtíð

Rætt hefir verið um lokun svæða – og þá einkum svæða sem vinsæl hafa verið til útigrills – í skógum skógræktarfélaganna. Ítrekað hafa kviknað gróðureldar, í Heiðmörk í síðustu viku og við Guðmundarlund í Kópavogi í dag. Upplýsingar um eldhættu virðast ekki hafa skilað sér til margra þeirra sem nýta sér skóga til útivistar og hafa ekki íslensku að móðurmáli. Til þess þyrfti að koma upp í snatri upplýsingaskiltum um eldhættu á sem flestum tungumálum. Fá þarf þýðingu á helstu

tungumál nýbúa á þeim skilaboðum, senda textann sem víðast, prenta út, plasta og hengja sem fyrst upp.

Tryggja þarf að verkfæri til slökkvistarfa (klöppur, steypuskóflur, snjóskóflur) séu sem víðast fyrir hendi þar sem hætta er á gróðureldum næstu vikurnar.

4. Aðalfundur Yrkjusjóðsins

Yrkjusjóðurinn hefir verið rekinn með halla og ganga hefir þurft á höfuðstólinn, því engin ávöxtun er á sjóðnum. Leitað hefur verið eftir aðstoð, meðal annars með trjáplöntur í gegnum Skógræktina, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum og frá Rótarífélögum, til þess að starfsemin gangi upp. Hugur er að fara í fjáröflun í tilefni afmælisársins. Yfir 100 skólar taka þátt í Yrkjuverkefnum.

5. Samningur v Landgræðsluskóga á Skagaströnd endurskoðun v. samnings við Skógræktina

Erlendur sjóður (One Tree Planted) hyggst fjármagna gróðursetningu á 200 hekturum á næstu tveimur árum. Þar er fyrir landgræðsluskógur og telur Þröstur Eysteinnsson enga fyrirsjáanlega árekstra vegna landgræðsluskógar sem fyrir er, enda verður skógurinn í framtíðinni útivistarskógur Skagstrendinga.

6. Ofanflóðavarnir – svar ráðuneytis

Bréf sem sent var Ofanflóðasjóði um skógrækt á snjóflóðavarnargörðum fékk jákvæðar undirtektir. Útfæra verður nánar hvernig að þessu máli verður staðið og fylgja málinu fast eftir.

7. Fyrirhugaður samningur v. 66 gráður N. Væntanlega undirritaður 29. maí.

Fyrirtækið hyggst styrkja skógræktarverkefni á Úlfljótsvatni. Í framhaldinu verður gróðursetning.

Fyrirtækið veitir félögum innan skógræktarfélaga 10% afslátt á vörum sínum og vilja styðja við starf þeirra.

8. Líf í lundi

Ákveðið var að halda áfram með sameiginlega skógardaginn, Líf í lundi 26.júní, þrátt fyrir að ákveðin óvissa ríki enn varðandi fjöldatakmarkanir o.fl. Búið er að hanna veggspjald og annað kynningarefni. Halda á ljósmyndasamkeppni samhliða öðrum viðburðum á deginum sjálfum. Verðlaun verða í boði Vorverks.

9. Landgræðsluskógar – úthlutun

Úthlutunar- og dreifingaráætlun er tilbúin og Skúli farin í fyrstu ferðir. Talsverð afföll eru í stöðvunum en endanlega niðurstaða í hversu mikið á eftir að koma í ljós við flokkun. Vorið er kalt og allt seint á ferðinni. Í heildina átti að afhenda 425.000 plöntur, sú tala kemur til með að lækka.

10. Úlfljótsvatn – framkv., sjálfbóðaliðar

Búið er að endurnýja mjög innviði húsanna, m.a. skipta um eldhúsinnréttingum. Fjórir sjálfbóðaliðar eru mættir og komnir úr sóttkví og allt gengur vel. Kjörið væri að halda næsta fund á Úlfljótsvatni, t.d. í tengslum við 66°N-viðburðinn 29. maí.

11. Önnur mál

Fenginn hefur verið nýr aðili til að sjá um byggingarhluta verkefnisins í Sólbrekkum (bygging skála): Gísli Eiríksson, formaður Skógræktarfélags Ísfirðinga. Hann hætti nú í haust hjá Vegagerðinni og flytur í Kópavog. Þetta verður tilraunaverkefni í samvinnu við sveitarfélagið. Þarna er ekkert rafmagn og ekkert rennandi vatn, svo þarna verða þurrklósett. Þessi framkvæmd

verður til að bæta öryggið, t.d. í sambandi við brunavarnir, en viðurinn verður húðaður með eldvarnarhemjandi efnum.

Verkefni Elísabetar Bernard heldur áfram í sex mánuði, með tilstyrk Thomas Zeis í Sviss – sem áður hefur styrkt með myndarbrag ýmislegt tengt starfsemi skógræktarféлага á Íslandi, vegna þess að hann hefur miklar taugar til Íslands og sérstaklega til íslenskrar skógræktar. TZ styrkir annars einkum hjálparstarf í Afríku.

Landsáætlun í skógrækt er nú komin í umsagnarferli.

<https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/oskad-eftir-umsognum-um-drog-ad-landsaetlun-i-skograekt>

Sama er að segja um landsáætlun í landgræðslu (<https://land.is/oskad-er-eftir-umsognum-um-drog-ad-landgraedsluaetlun-2021-2031-og-um-drog-ad-umhverfismati-aaetlunarinnar/>)

Landsáætlun í skógrækt verður aðgengileg til umsagnar í sex vikur. Þröstur hvetur allt skógræktarfolk til þess að hafa skoðun á því sem þar stendur, ásamt umsögn um sérálit minnihlutans í nefndinni; þeirra Tómasar Grétars Gunnarssonar fuglavistfræðings og Salvarar Jónsdóttur skipulagsfræðings.

Ákveðið var að beina því til skógræktarfélaganna, að kynna sér áætlunina og senda athugasemdir innan sex vikna.

Skógræktarfélag Kópavogs hefur fengið afhenta svæði fyrir ofan Lækjarbotna (Lakheiði), og vann SÍ skógræktaráætlun sem send var í umsagnarferli og í umsagnarferlum sumra stofnana (Landgræðslunnar, Náttúrufræðistofnunar) Í minnisblaði sem Kópavogsbær lét gera í framhaldi er lagt til að rækta einungis birki - engar útlendar

tegundir – og að ekki verði gróðursett tré nær
hrauni frá nútíma en sem nemur 50 m. Ef þetta fer
svona í gegn verður þetta fordæmisgefandi fyrir
önnur sveitarfélög. Skógræktarfélag Íslands og
Skógræktin verða að fá tækifæri til andmæla. Ef
andmælarétturinn verður ekki virtur, verður að
senda stjórnslukæru.